



Morgunblaðið/Áseld

Sigurður Kristinsdóttir, Þórunn Gunnarsdóttir, Þóra Kolbrún Sigurðardóttir, Eydis K. Sveinbjarnardóttir, lengst t.h., létur af embætti formanns Geðhjálpur og Sigursteinn Másson, sem tekur við stjórnartaunum.

Fyrst og fremst sjúklingafélag

Sigursteinn Másson hlaut 200 atkvæði en Kristófer Þorleifsson geðlæknir fékk 62 atkvæði í atkvæðagreiðslu um embætti formanns. Sigursteinn sagði að kjörin lóku að félagið væri fyrst og fremst sjúklingafélag og hefði eftirlitsskyldu með stofnunum og sambýlum. Kristófer sagði að í ljósi þessa væri sýnt að annar aðili þyrfti að taka yfir stuðningsþjónustuna.



Sævar Bjarnason og Kristófer Þorleifsson geðlæknir.

Á fundinum var samþykkt tillaga stjórnar að nýjum lögum félagsins en undeirlesta breytingin er sú að launaðir starfsmenn Geðhjálpur mega ekki lengur taka sæti í stjórn þess en fá áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum. Aðalfundur Geðhjálpur var haldinn 31. mars sl. en þáverandi formaður félagsins, Eydis K. Sveinbjarnardóttir, frestaði fundinum eftir að deilur komu upp um hvort fundargestir væru allir félagsmenn eða ekki. Þá skýrði hún ennfremur frá því að ársreikningar félagsins væru ekki tilbúnir og mun það hafa verið vegna mistaka eins starfsmanns félagsins við færslu bókhalds. Deilurnar snerust m.a. um það hvort viðstaddir væru fullgildir félagsmenn og mættu kjósa fundarstjóra. Þar sem ekki náðist samkomulag um fundarstjóra lýsti formaður því yfir að fundi væri frestað til 28. apríl og gekk síðan af fundi ásamt meginþorra stjórnar. Stuðningsmenn Kristófers héldu áfram fundinum og kusu stjórn en síðar náðist samkomulag um að láta þá kosningu ekki gilda en útkljá málin á fundinum 28. apríl.

Framhaldsaðalfundurinn á laugardag hófst með því að fráfarandi formaður félagsins tilkynnti að samkomulag hefði náð milli sín og Kristófers um að velja Dögg Pálsdóttur lögmann sem fundarstjóra. Dögg greindi fundarmönnum frá því að aðalfundi yrði að ljúka kl. 16 þriðjudegi þyrfti að vera laust kl. 16.30. Þá sagði hún að höfning yrði lokað þegar kjör formanns stjórnar hefist.

Lögum skv. hófst svo fornleg dagskrá með því að Eydis kynnti skýrslu stjórnar og því næst voru lagðar fram skýrslur gjaldkeru og reikningar félagsins fyrir síðastliðað reikningsár. Þá var samþykkt að félagsgjald héldist óbreytt, 1.200 krónur, fyrir árið 2001. Að því loknu hófst umræða um tillög stjórnar að nýjum heildarlögum félagsins. Margir létu skrá sig á mælendaskrá og þótti sumum fundarmanna tillaga að nýju lögum vera mótsagnakennd. Í 2. gr. a-lið segir að því markmiði félagsins, að „bæta hag þeirra sem eiga við gegðren vandamál að stríða svo og aðstandenda þeirra“ verði m.a. náð með því að sjá til þess „að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé villr og þeim mannréttindasáttmálum sem Ísland á aðild að sé framfylgt“. Þótti sumum þetta stangast á við 3. gr. þar sem segir: „Ef félagsbundnir launaðir starfsmenn félagsins, eða starfsemi á vegum þess, ná kjöri til stjórnarsetu, hætta þeir samhliða störfum sínum sem þeir þáðu laun fyrir“ og söguðu að með þessu væri verið að brjóta gegn rétti fólks til að stunda atvinnu að eigin vali. Stuðningsmönnum lagabreytinganna þótti nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði í lög þar sem sýnt þótti að sæti starfsmanna stuðningsþjónustu Geðhjálpur í stjórn félagsins væri hann orðinn hvort tveggja í senn, yfirmaður og undirmaður.

Beðið um endurtalningu

Kristófer lagði til að tillögum stjórnar að nýjum lögum yrði vísað frá og gengið yrði til næsta dagskrárliðar, kosningar formanns. Samþykki meiri hluta fundarmanna þyrfti til þess að tillögum yrði vísað frá. Með handaupprettingu lá ljóst fyrir, án þess að til talningar kæmi, að minnihluti fundarmanna studdi frávisunartillög Kristófers. Því hélt áfram umræða um tillög stjórnar. Þegar mælendaskrá var tæmd var gengið til atkvæða um lagabreytingarnar og var

þá gert með handaupprettingu. Átta manneskjur gegndu hlutverk tejlara, fjórar tilnefndar af stjórn Geðhjálpur og fjórar tilnefndar af Kristófer. Niðurstaða þeirrar talningu var sú að 237 greiddu atkvæði. Til þess að tillögurnar öðluðust gildi þyrfti samþykki 2/3 hluta fundarmanna eða 158. Alls samþykktu 169 tillögurnar en 68 voru á mót. Stuðningsmenn Kristófers töðu talninguna ekki fullgæjandi og báðu um endurtalningu og nýja tejlara. Að höfuð samráði við eftirlitsnefnd ákvað fundarstjóri að talning yrði endurtekin en af sömu tejlurum. Sú talning varð enn meira afgerandi stjórnarmönnum í vil. Alls greiddu 243 atkvæði, þar af samþykktu 178 nýju lög in 65 voru á móti.

Fundarstjóri tilkynnti að nýju lög in öðluðust gildi þegar í stað og að dagskrá aðalfundar yrði framhaldið samkvæmt þeim, en skv. nýju lögum skal auk stjórnarmanna kjósa þrjá menn til vara í stjórn.

Því næst var gengið til 6. dagskrárliðar, kosningar formanns. Auglýst var eftir tillögum um formannsefni. Stungið var upp á Sigursteini Mássyni varaformanni og Kristófer Þorleifssyni geðlækni. Atkvæðagreiðsla var skrifleg og féllu atkvæði þannig að Sigursteinn hlaut 200 atkvæði en Kristófer 62. Við þessa niðurstöðu varð mikið lófatak í salnum og fagnaðarlæti og Sigursteinn og Eydis féllust í fátta. Nýr formaður tók svo til máls og færði fundarmönnum sínar innlegustu þakkir. Því næst bað hann viðstadda

andi hæstaréttardómara, úrskurðaði hún að Þórunn Gunnarsdóttir og Tryggvi Björnsson, sem bæði voru kosin til tveggja ára á síðasta aðalfundi, yrðu áfram í stjórn og gengju ekki úr henni fyrr en á aðalfundi 2002. Fundarmenn gerðu ekki atkvæðagreiðslu við þetta.

Í kjöri til stjórnar voru tilnefnd Elisabet Jökulsdóttir, Erna Arngrímsdóttir, Guðrún Ógmundsdóttir, Kristján Ágúst Njarðarson, Sigurður Kristinsdóttir og Sveinn Rúnar Hauksson. Þau Elisabet, Guðrún, Sigurður og Sveinn voru tilnefnd af nýkjörnum formanni. Atkvæðagreiðsla var skrifleg og hlaut Sveinn flest atkvæði eða 179, Guðrún 175 og voru þau því kjörin til setu í stjórn til tveggja ára. Elisabet hlaut 162 atkvæði og Sigurður 152 og voru þær því kjörnar til stjórnarsetu til eins árs.

Lögum skv. skal kjósa þrjá varaformenn í stjórn til tveggja ára. Fjórir voru tilnefndir: Aslaug Ragnars, Ingimundur K. Guðmundsson, Ólafur Snorrason og Þóra Kolbrún Sigurðardóttir. Þóra tilkynnti að hún gæfi ekki kost á sér og því voru hinir þrír sjálfkjörin.

Sigursteinn sagði í ræðu undir lok fundarins að Geðhjálp væri og ætti að vera sjúklingafélag fyrir fólk með geðheilsuvandamál og aðstandendur þeirra. Þá sagði hann að það væri jafnframt hlutverk félagsins að veita stofnum og sambýlum eftirlit og aðhald en á það hefði skort. Þá talaði hann um að þeim skjólstæðingum sem búa á sambýlumum þyrfti að veita miklu öruggara skjól en þeir hefðu fengið. Hann sagði að vinna stjórnar undanfarna mánuði hefði fyrst og fremst snúist um hvernig hægt væri að bæta úr þessu. „Það er það starf og það er sá hagsmunarárektur sem varð með tilkomu þess að starfsmenn stuðningsþjónustunnar urðu stjórnarmenn í Geðhjálp og um leið yfirmenn og undirmenn framkvæmdastjóra Geðhjálpur, sem hefur skapað það lífvíri sem við höfum nú þyrft að ganga í gegnum öll sömul. Félagið Geðhjálp er laskað eftir ósamnindi og atgang þeirra sem hafa með valdabroti reynt að brjóta undir sík félagið,“ sagði Sigursteinn ennfremur. Þá bætti hann við að félagið gæti orðið öflugt sjúklingafélag með hagsmuni skjólstæðinga sinna að leiðarljósi en þeir væru 24% þjóðarinnar skv. nýrri skýrslu landlækniseimbættisins. Nýkjörin formaður sagði fundargestum að nú væru tímanót í félaginu. „Í fyrsta skipti hafi þú valið til forystu í þessu félagi einstakling sem ekki er geðheilbrigðisstarfsmannur, sem á það ekki á hættu að þurfa einn daginn að gagnrýna sjálfan sig vegna þess að hann er hinum megin við borðið í geðheilbrigðisþjónustunni. Þú hafi valið einstakling sem býr við geðsjúkdom og hefur verið að slást við þetta og umnið stóra sigra eins og allir þeir sem eru með geðsjúkdöma geta gert,“ sagði Sigursteinn um lögum.

Því næst tók Kristófer til máls og þakkaði þeim sem hann studdi í formannskjörunni. Þá óskaði hann nýkjörnum formanni til hamingju með kjörið og óskaði stjórninni velfarnaðar. Hann sagði að tími væri kominn til að slíðra sverðin og að fólk færi að standa saman. „Það hafa víða verið látin falla ansi ljót og meidandi orð. Mér finnst miður hvað ýmsir aðilar og starfsmenn félagsins, og þá sérstaklega framkvæmdastjóri félagsins, hafa látið ljót orð falla bæði um starfsmenn stuðningsþjónustunnar, mig og fleiri.“ Þá sagði Kristófer að sér þætti ljóst, miðað við orð Sigursteins um að félagið væri fyrst og fremst sjúklingafélag með eftirlitsskyldu, að einhver annar aðili þyrfti að taka yfir stuðningsþjónustuna, t.d. svæðisskrifstofa og félagsmálastofnun.

Að því loknu tók fráfarandi formaður til máls og þakkaði Dögg góða fundarstjórn, svo og öllum sem mættu til fundarins og sýndu af sér góða hegðun. Þá óskaði hún nýrri stjórn og Sigursteini til hamingju með daginn. Hún sagði mikla vinnu vera framundan hjá stjórninni og kvaðst vonast til að henni gengi allt í haginn.

Félagið veiti stofnunum og sambýlum eftirlit og aðhald

ar aðili þyrfti að taka yfir stuðningsþjónustuna

Annar aðili þyrfti að taka yfir stuðningsþjónustuna

um nýjum lögum og þessu